



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Aðalfundur SSH 2015

Fundargerð

39. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

39. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) var haldinn föstudaginn 20. nóvember 2015 í Félagsgarði Kjós og hófst fundurinn kl. 13.00.

Þema fundarins: Fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna 2016

Sigurður Guðmundsson, bóndi í Flekkudal, bauð gesti velkomna í Kjósina fyrir hönd Kjósarhrepps og býður síðan Degi B. Eggertsyni að taka við.

Fundarsetning og kosning embættismanna fundarins

Dagur B. Eggersson, formaður stjórnar SSH, setur fund og stýrir kjöri fundarstjóra og fundarritara.

Fundarstjóri er kjörinn Sigurður Guðmundsson Kjósarhrepp.

Fundarritari er kosinn Jóhanna Hreinsdóttir Kjósarhrepp.

Fundarstjóri fer yfir dagskrána framundan. Hann kynnir síðan gesti fundarins; Stefaníu Traustadóttir, sérfræðing hjá Innanríkisráðuneytinu, og Bjarna Benediktsson, fjármálaráðherra.

Ávarp Stefaníu Traustadóttir, sérfræðings hjá Innanríkisráðuneytinu

Stefanía byrjaði á að skila kveðju frá Ólöfu Nordal en hún var ferkar óvænt kölluð til fundarhalda í Brussel. Einnig var hún með kveðju frá Hermanni Sæmundssyni, skrifstofustjóra svo og frá öðrum starfsmönnum ráðaneytisins.

Stefanía hóf erindi sitt á því að fara aðeins yfir helstu verkefni sem heyra undir skrifstofu sveitarstjórnamála. Hún taldi að nauðsyn væri á meira samráði við sveitastjórnir, t.d. hvað varðar vegamál. Verkefni flóttafólks er orðið mjög stór málaflokkur innan ráðuneytisins og stækkar stöðugt og í þeim málaflokki þurfa að vera mikil og góð samskipti við sveitarfélögin.

Efling sveitarstjórnarstigs er stöðugt í gangi og þar er jöfnunarsjóður mjög mikilvægur. Breytingar á sjóðnum munu koma við SSH. Stefanía ræddi byggðarmál og nauðsyn þess að þau tengist betur sveitarstjórnarmálum. Einnig ræddi hún reglugerðir um rafræna íbúakosningu og undirskriftir og aukna þátttöku íbúa og íbúalýðræði. Að lokum talaði Stefanía um 132. gr. sveitarstjórnarlaga sem er tilraunaverkefni til næstu tveggja ára sem getur kallað á nýbreytni í samvinnu sveitarfélaga. Þarna væri á ferðinni nýtt átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins, þar sem tekið er mið af okkar sérstöðu og reynslu en einnig horft til Norðurlanda.

Ljóst er að mörg sveitarfélög eru að horfa fram á breytta tíma með sífellt stærri hóp aldraðra, breyttri aldurssamsetningu og minni tekjur. Stefanía sagði að það væri augljóst að framundan væru margvíslegar áskoranir en margt gott hefði áunnist og því mætti ekki gleyma.

Almenn fundarstörf

a) Skýrsla stjórnar - Dagur B. Egertsson stjórnarformaður

SSH hélt 15 hefðbundna stjórnarfundi á árinu auka sérstaks fundar vegna fjárhagsáætlana. Einnig var haldin sérstakur kynningarfundur vegna svæðisskipulags og vatnsverndar og samhliða undirritaður samstarfssamningur við Vegagerðina vegna stofnbrauta á höfuðborgarsvæðinu.

Formaður greindi frá því helsta sem unnið hefur verið á vettvangi SSH árinu:

- Nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins formlega samþykkt með undirritun 29. júní 2015 og tók gildi 17. júlí 2015.
Svæðisskipulag formgert til 2040 - Höfuðborgarsvæðið ein heild, til gagns fyrir land og þjóð.
- Ný afmörkun vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið þar sem byggt er á mun ítarlegri og áreiðanlegri upplýsingur en áður, var staðfest samhliða staðfestingu á svæðisskipulagi.
Samráðsvettvangur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu til að tryggja samstarf milli vatnsveita um vatnsnýtingu og samvinnu milli rekstraraðila og heilbrigðis-
eftirlits.
- Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins sem gengur út á samstarf ráðuneyta og landshluta-
samtaka. Nýr samningur gerður í febrúar til 4 ára um árlegt framlag ríkisins upp á 20 milljónir á ári.
Fjögur verkefni í vinnslu og framundan samráðsfundur með ráðgjafaráði vegna frekari
mótunar verkefna 2016 - 2019.
- Mikill tími hefur farið í ferðapjónustu við fatlað fólk hjá stjórn og skrifstofu SSH vegna
byrjunarörðugleika. Unnið að því að bæta skipulag ferða, bæta nýtingu bíla og lækka
heildarkostnað, en kostnaður hefur aukist mjög mikið.
Tillaga að framtíðar fyrirkomulagi verkefnisins verða mótaðar á vettvangi SSH á næstu vikum.

- Byggðarsamlögin búin að koma sér upp eigendastefnu. Sérstök rekstarúttekt á öllum þáttum í reksti byggðarsamlagana sett í gang í byrjun árs 2015 með það að markmiði að ná fram hagræðingu og lækkun á núverandi framlögum og þjónustugjöldum sveitarfélaganna. Greiningarvinnu vegna Stætó bs. er að mestu lokið, áætlað að niðursöður fyrir Sorpu bs. liggi fyrir um áramót og svo verði Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins tekið út.
- Almenningsamgöngur - 2 ár liðin af 10 ára tilraunaverkefni með samning við ríkið. Verkefnið enn í mótun en farþegum hefur fjölgað. Ljóst er að ríkið hefur ekki staðið við sitt og ríkisframlag hefur lækkað. Hvað er hægt að gera? Spara og draga úr þjónustu eða vona að ríkið standi við sitt. Miklar vonir bundnar við nýja loftlagsáætlun um meiri áherslur á almennissamgöngur.
- Nýr samstarfssamningur um skíðasvæðin undirritaður í ársbyrjun 2014. Undirbúningur hafinn vegna mats á snjóframleiðslu í Bláfjöllum með tilliti til stöðu vatsverndar og kostnaðar. Töluvert er verið að bæta í þennan málaflokk.
- Reykjanesfólkvangur/Bláfjallafólkvangur. Breytingar á aðild sveitarfélaganna að Reykjanesfólksvangi til umræðu og skoðunar. Spurning hvort skynsamlegra sé að sveitarfélögin einbeiti sér að rekstri Bláfjallafólksvangs.

Að lokinni þessari yfirferð ræddi Dagur um önnur smærri mál sem unnin hafa verið á árinu. Voru það málefni Fjölsmiðjunnar, nýr samningur við ríkið um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu og innleiðing kjarasamninga við grunnskólakennara. Einnig fór hann lítilega yfir skipun sérstakrar skólamálanefndar SSH, ræddi aukna rekstrarsamvinnu sveitarfélaga og sameiginlega bakvakt Barnaverndar.

Í lokaorðum Dags kom fram að aldrei hefði verið jafn náíð og fjölbreytt samstarf á milli sveitarfélagana á höfuðborgarsvæðinu. Verulega hallaði á ríkið að standa við samninga við sveitarfélögin og samstaða væri lykilatriði hjá sveitarfélögunum. Mikil vinna væri framundan í kringum innleiðingu svæðisskipulags og þar væri Borgarlínan aðalverkefnið ásamt mótun á 4 ára þróunaráætlun.

b) Ársreikningar 2014 og fjárhagsáætlun 2016 - Páll Guðjónsson framkvæmdarstjóri

Páll Guðjónsson kynnir ársreikning 2014 og fjárhagsáætlun 2016. Aðal fjármagnstekjur SSH koma með framlagi úr Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og frá sveitarfélögum. SSH hefur líka tekjur af verkefnum sem unnin eru á skrifstofunni og má þar nefna verkefni tengdum svæðisskipulagi og ferðaþjónustu fatlaðra. Verkefni er tengjast vatnsvernd eru innheimt sérstaklega hjá sveitarfélögum. Páll ræddi um skrifstofuhald SSH en rekstur skrifstofu er greiddur af framlagi úr Jöfnunarsjóð. Hann sagði að viðhald við ofanbyggðagirðingu væri stór útgjaldaliður hjá SSH en um helmingur af framlagi Jöfnunarsjóðs fer til viðhalds á girðingunni. Páll greindi einnig frá því að framlag ríkisins til Sóknaráætlunar 2013 hefði verið 40 milljónir.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er lögð fram óbreytt frá fyrra ári og gert er ráð fyrir um sex og hálfri milljón í sértæk verkefni á árinu.

Fundarstjóri býður til umræðna um þessa tvo liði saman og gefur orðið laust til fundargesta.

Sigrún Pálsdóttir, Mosfellsbæ, biður um orðið og leggur fram tillögu frá M-lista Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ um áheyrnarfulltrúa í nefndum og ráðum SSH.

Tillaga um breytingar á 6. gr. samþykktar SSH hljóðar svo:

"Framboð sem eiga fulltrúa í sveitarstjórn en ná því ekki að fá kjörinn fulltrúa í fulltrúarráð SSH eiga rétt til að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa til setu á fundum fulltrúaráðs með tillögurétt og málfrelsi. Það sama gildir um nefndir á vegum samtakanna."

Fundarstjóri bendir á að þessi tillaga var ekki send út með fundarboði og telst þar með ekki lögleg, þar sem það samræmist ekki samþykktum SSH.

Páll Guðjónsson verður fyrir svörum og greinir frá því að stjórn SSH hefði tekið málið fyrir á fundi 14. okt. 2015 og þar hafi verið gerð eftirfarandi bókun. "*Stjórn sér ekki ástæðu til að leggja til breytingar á samþykktum SSH, en beinir því til fulltrúaráðs að fundir þess verði opnir öðrum eftir því sem tók og tilefni eru til.*"

Sigrún Pálsdóttir biður aftur um orðið og segist hafa gert ráð fyrir því að þessi tillaga yrði send með aðalfundarboði. Hún sagði að þegar leitaði var eftir skýringu á því afhverju tillagan var ekki send út hafi hún fengið þau svör að stjórn SSH teldi ekki ástæðu að ræða þetta nánar. Taldi hún að rétt hefði verið að tillagan hefði verið send út og tekin fyrir á aðalfundi SSH. Sigrún færði rök fyrri tillögu sinni og minnti á að 2012 tóku gildi ný sveitarstjórnarlög þar sem framboðum sem ekki ná fulltrúum inn er gefinn ákveðinn réttur. Benti hún jafnframt á að SSH hefði ekki innleitt ákvæði um áheyrnarfulltrúa í sínar samþykktir. Sigrún óskaði eftir að tillagan verði rædd þrátt fyrir að hún verði ekki lögð fyrir.

Fundarstjóri lítur svo á að tillagan hafi verið dregin til baka og verði flutt á næsta aðalfundi.

Dagur ræddi tillöguna og harmaði að ekki hafi verið unnið rétt úr henni. Hann ræddi þær breytingar sem hafa verið gerðar á fulltrúaráðinu en taldi að ef þessar tillögur næðu fram að ganga þá gætu sumar nefndir orðið mjög fjölmennar og flóknar. Eins gætu minnihlutaaðilar allt í einu orðið þess valdandi að fella tillögur frá sínu sveitarfélagi með aðstoð annarra sveitarfélaga. Dagur taldi hins vegar að nauðsynlegt væri að ræða þessa tillögur og jafnvel væri fulltrúaráðið réttur vettvangur.

Sigrún gerði athugasemd við orð Dags. Hún sagði að ekki væri verið að fara fram á að áheyrnarfulltrúar hafi atkvæðisrétt, heldur bara að þeir fái að taka þátt í umræðum.

Halldór Svavar Auðunsson, Reykjavík, þakkaði Sigrúnu fyrir tillöguna og taldi að þetta mál væri mjög mikilvægt og jákvætt að hafa fundi hjá fulltrúaráði opna og fleiri hafi málfrelsi á fundunum.

Engar athugasemdir voru gerðar við framlagða reikninga og voru þeir samþykktir.

c) Tillaga um árgjald 2016 - liggur frammi til samþykkar

Tillaga frá stjórn um að árgjald verði óbreytt frá fyrra ári, 40 kr. per íbúa.
Samþykkt samhljóða.

d) Kosning endurskoðenda og tveggja skoðunarmanna - tillaga

Tillaga lögð fram til samþykktar að löggiltur endurskoðandi verði áfram Eyvindur Albertsson hjá KPMG.
Samþykkt samhljóða.

Tillaga lögð fram til samþykktar að skoðunarmenn verði Heiða Björg Hilmisdóttir, Reykjavík og Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ.
Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gerir nú fundarhlé þar sem Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, er ekki mættur og býður fundargestum að þiggja kaffiveitingar.

Fundi er framhaldið eftir tæpleg tveggja tíma fundarhlé og bauð fundarstjóri Bjarna Benediktsson velkomin í fundarstól.

Fjármál sveitarfélaganna og fjárhagsáætlanir 2016

a) Ávarp fjármálaráðherra - Bjarni Benediktsson

Bjarni byrjaði á að biðjast afsökunar á hvað hann væri seinn, hann kæmi beint af ríkisráðsfundi sem hefði dregist og á endanum orðið lengsti ríkisráðsfundur sem hann hefði setið.

Að lokinni afsökunarbeiðni til fundarmann hóf hann erindi sitt á að ræða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Ljóst er að þau hafi ekki verið góð undanfarin ár en helsta ástæða þess sagði Bjarni vera erfiða stöðu ríkissjóðs eftir hrún. Hann talað um flókin samskipti ríkis og sveitarfélaga en öll værum við að sinna almannabjónustu og því væri nauðsynlegt að bæta og einfalda öll samskipti eins og hægt væri. Sveitarfélög eru mjög misjöfn og það kemur vel í ljós þegar verið er að ræða fjármál. Einstaka hugmyndir leggjast misjafnlega fyrir hjá sveitarfélögum þegar verið er að ræða verkaskiptingu og tekjuskiptingu. Stundum er jöfnunarsjóðurinn valkostur en hann er mjög flókið fyrirbæri og erfitt að skilja hvernig hann virkar. Bjarni viðurkenndi að hann skildi ekki alltaf Jöfnunarsjóð.

Bjarni ræddi því næst um sameiningu sveitarfélaga. Hann taldi það ekki góða leið að fara í lögþvingandi sameiningar, en það getur verið að það sé nauðsynlegt þegar litið er til fjárhagstöðu sveitarfélaga. Tilfærsla á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga tæki oft langan tíma og sem dæmi þá væri enn verið að jafna milli sveitarfélaga vegna grunnskóla. Tilfærsla á málefnum fatlaðs fólks væri mjög stórt verkefni sem ekki sæi fyrir endann á.

Bjarni kom því næst inn á breytingar á lögum um opinber fjármál og nauðsyn þess að vel takist að gera góðan samning um þau mál, s.s. verkaskiptingu og tekjuskiptingu. Hann gerir sér von um að þetta verði klárað fyrir áramót.

Varðandi málefni fatlaðra sagði Bjarni að það væri ljóst að mikið bæri í milli og greinilegt væri að harka er komin í málið. Hann sagðist vilja sjá niðurstöðu á næstu dögum, það væri næg þekking og vitneskja til að klára málið. Það er augljóst að ríkið verður að gefa meira eftir, en ríkið hefur verið að tala um 800 millj. kr. en sveitarfélögin 1200 millj. kr. Bjarni sagðist koma til með að útvíkka sitt umboð til að loka málinu og vonar að sveitarfélögin geri hið sama. Hann varaði hins vegar við því að vera að blanda öðrum málum inn í þetta mál.

Bjarni ræddi líka undirbúningsnefnd um tekjuskiptingarmál sem er í samræmi við ný lög og vonar hann að þau taki gildi um áramót. Einnig ræddi hann um að færsla á tekjustofnum til sveitarfélaga verður ekki vel tekið ef ekki færast ný verkefni með. Eins og staðan er í dag er núverandi kerfi traustur skattstofn fyrir sveitarfélögin.

Að lokum fór Bjarni yfir hvort það er raunverulegt vandamál fyrir sveitarfélögin að verið sé að taka út arð frá fyrirtækjum í stað þess að borga hærri laun sem er mjög slæmt fyrir sveitarfélögin. Hann taldi svo ekki vera og lauk með þeim orðum máli sínu.

b) Birgir B. Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar

Birgir fór yfir helstu stærðir í rekstri A - hluta sveitarsjóða á höfuðborgarsvæðinu.

Tekjur hafa hækka um rúmlega 15 milljarða en gjöld hafa hækka um 22,5 milljarð og ljóst er að horft er fram á vaxandi vanda. Árið 2015 verður mun verra en 2014. Helstu orsakir eru kjarasamningar, endurskoðað starfsmat og samskipti við ríkið. Kjarasamningar við framhaldsskólakennara gáfu tóninn fyrir samninga við grunnskólakennara og ljóst er að ríkið hefur verið launaleiðandi um alla kjarasamninga sem gerðir hafa verið. Mikill halli hefur verið á samskiptum við ríkið en þar má nefna að halli á málaflokk fatlaðs fólks var 4,5 millj. kr. og rekstur hjúkrunarheimila er með halla upp á 1,6 millj. kr. Samtals má því gera ráð fyrir að halli áranna 2011 til 2015 verði um 7,7 millj. kr.

Birgir nefndi einnig að þegar illa árar eykst kostnaður við félagsaðstoð og annað slíkt en þegar vel gengur þá minnkar þessi kostnaður að sama skapi.

Að lokum lagði Birgir til að hætt verði að leggja fjármagnstekjuskatt á sveitarfélögin.

c) Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar

Haraldur hóf mál sitt á að ræða um þau fjölmörgu verkefni sem sveitarfélögin inna af hendi og að þeim fjölgar jafnt og þétt. Krafan er um góða, persónulega og nútímalega nærþjónustu fyrir alla fjölskylduna. Verkefnin sem sveitarfélögin eru að sinna eru bæði lögbundin sem og önnur verkefni. Hann ræddi töluvert um samskipti milli ríkis og sveitarfélaga og að það væri nauðsynlegt að finna nýjar leiðir til samtals. Þar yrði að ríkja traust og trúnaður milli sveitarstjórnarstigsins og ríkis en því miður hefur eitthvað farið úrskeiðis og ekkert traust væri lengur til staðar.

Haraldur ræddi einnig samstarf ríkis og sveitarfélaga. Á því væru margir snertifletir og mikilvægt að hlutverk séu skýr og samskipti góð. Alltof mörg dæmi væru um að ákvarðanatökur á einum stað hefðu veruleg áhrif á öðrum stað og því væri nauðsynlegt að efla samskipti.

Því næst kom Haraldur inn á rekstur sveitarfélaganna árið 2015. Nauðsynlegt er að sveitarfélögin fái stærri part af kökunni - þ.e. auknar tekjur. Nefndi hann sem dæmi almenna hluta tryggingargjalds, gjöld af umferð, arðgreiðslur til eigenda fyrirtækja, tekjur af hagnýtingu auðlinda s.s. ferðaþjónustu og lækun þóknunar vegna innheimtu útsvars. Ef ekki fengjust auknar tekjur þá væri fátt annað í stöðunni en að sveitarfélögin þurfi að taka ákvörðun um að minnka ólögbundna þjónustu. Benti hann á að það gæti átt við almenningssamgöngur, íþróttamál (uppbyggingu íþróttamannvirkja), leikskólþjónustu, menningarmál og umhverfismál.

Að lokum vék Haraldur að rekstri sveitarfélaga til framtíðar. Bæta þyrfti rekstrargrundvöll varðandi málaflokk fatlaðs fólks og ekki væri möguleiki að reka þann málaflokk áfram á óbreyttum forsendum. Mikilvægt er að sveitarfélög séu samtaka og málefnaleg í tillögum sínum. Að lokum ítrekaði Haraldur að frumkvæði og eftirfylgnin verði að koma frá sveitarfélögunum sjálfum.

Bjarni Benediktsson bað um orðið út í sal eftir erindi Haraldar og sagði að samningur um almenningssamgöngur væri eitt af þessum dæmum þar sem samningar hefðu ekki verið uppfylltir. Hann viðurkenndi að um 200 millj. kr. vantaði uppá en nú væri lag fyrir ríkið að ganga í þetta mál og uppfylla gerða samninga.

Fundarstjóri bar upp ályktun frá fundinum.

Ályktun aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Mikil umskipti til hins verra hafa orðið í rekstri sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2013-2015. Staðan á rekstrinum er þung og útlit er fyrir að flest sveitarfélögin verði rekin með halla á árinu 2015. Mikilvægt er að bregðast nú þegar við með nauðsynlegum breytingum á tekjustofnum sveitarfélaga. Einnig er brýnt að ríkið hætti að líta á starfsemi sveitarfélaga sem skattstofn.

Umbreytingin sést vel á því að á árinu 2013 skiluðu öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu jákvæðri niðurstöðu í grunnrekstrinum. Á árinu 2015 er á hinn bóginn útlit fyrir að halli verði í rekstri A-hluta allra sveitarfélaganna á svæðinu, utan eins. Áætlaður halli nemur samtals um 2,9 milljörðum króna. Ástæður þessara umskipta eru einkum tvær.

Miklar launahækkningar í kjölfar samninga við framhaldsskólakennara

Í fyrsta lagi má að stórum hluta rekja þau til mikilla launahækkana opinberra starfsmanna en þær voru um 10% á milli árána 2013 og 2014 hjá öllum sveitarfélögunum. Á sama tíma hækkuðu skatttekjur aðeins um 6,3%. Boltinn byrjaði að rúlla við samninga ríkisins við framhaldsskólakennara sem gerðir voru í upphafi árs 2014 og urðu óhjákvæmilega að fyrirmynd samninga sveitarfélaga við

grunnskólakennara sem komu í kjölfarið. Flestir aðrir kjarasamningar starfsfólks sveitarfélaga eru lausir sem skapar enn frekari óvissu í rekstri sveitarfélaganna.

Halli í fjárhagslegum samskiptum við ríkið

Í öðru lagi er verulegur halli í fjárhagslegum samskiptum við ríkið. Þar verður að bæta úr og tryggja fulla fjármögnun þeirra verkefna sem sveitarfélögin hafa tekið að sér. Nefna má málaflokk fatlaðs fólks þar sem samanlagður halli sveitarfélaganna nemur 4,6 milljörðum á árunum 2011-2015. Hallinn vex enn og er málaflokkurinn að verða einn af mestu áhættuþáttunum í rekstri sveitarfélaganna.

Það er brýnt að við þessum aðstæðum sé brugðist sem fyrst. Að öðrum kosti blasir það verkefni við sveitarfélögum að endurskipuleggja rekstur sinn frá grunni og leggja af eða breyta ólögbundnum verkefnum sem sveitarfélögin hafa sinnt og almenn samfélagsleg krafa og sátt hefur verið um. Í þessu sambandi er lagt til að skoða lausnir og breytingar út frá tveimur sjónarmiðum.

Að starfsemi sveitarfélaga myndi ekki skattstofn

Í fyrsta lagi er brýnt að ríkið hætti að líta á starfsemi sveitarfélaganna sem skattstofn. Í því samhengi er einkum þrennt sem þarf að horfa til:

- Tryggingargjald hefur ekki lækkað í samræmi við minni fjárþörf atvinnuleysistryggingasjóðs. Oftekið tryggingargjald á árinu 2014 nemur um 1,2 milljarði.
- Útvíkka þarf undanþáguákvæði um að sveitarfélög greiði ekki tekju- og eignaskatt þannig að það nái líka til fjármagnstekjuskatts.
- Endurskoða þarf reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts af almennri starfsemi og fjárfestingum sveitarfélaga.

Að sveitarfélög fái aukna hlutdeild í skatttekjum

Í öðru lagi er nauðsynlegt að sveitarfélög fái aukna hlutdeild í skatttekjum. Þar má nefna leiðir eins og:

- Að sveitarfélögin fái hlutdeild í almenna hluta tryggingargjaldsins til að standa undir verulega auknum kostnaði vegna fjárhagsaðstoðar og virkniúrræði.
- Að sveitarfélögin fái hlutdeild í sköttum af umferð til að standa undir útgjöldum vegna rekstur og viðhalds á gatnakerfinu, en stór hluti þess er í eigu og umsjón sveitarfélaga.
- Að sveitarfélögin fái hlutdeild í gistináttagjaldi og hugsanlega öðrum skatttekjum af ferðamönnum.
- Að sveitarfélögin fái hlutdeild í fjármagnstekjuskatti af arðgreiðslum til eigenda fyrirtækja og skatti af leigutekjum.
- Að innheimtuþóknun ríkisins af innheimtu útsvars verði lækkuð. Þetta hlutfall er 0,5% af útsvari sama hlutfall og þegar útsvarsálaginu var komið á þrátt fyrir tvöföldun útsvarsins frá þeim tíma.

Áskorun til ríkisstjórnarinnar

Sveitarfélög gegna margvíslegu og mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Þau sjá um nærþjónustu við íbúa sína, stuðla að valddreifingu, auka hagkvæmni og styrkja lýðræðið. Mikilvægt er að leggja áherslu á efnahagslegan styrk þeirra og fjárhagslegt sjálfstæði til að þau standi undir þessu hlutverki. Það verður gert með bættum samskiptum við ríkið og sanngirni og jafnræði í skiptingu tekjustofna á milli ríkis og sveitarfélaga.

Því skorar aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á tekjustofnum sveitarfélaga í samræmi við það sem hér að framan greinir til að tryggja að þeir séu í samræmi við þau mikilvægu verkefni sem sveitarfélögum eru falin í opinberri þjónustu við almenning í landinu.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Panelumræður um fjármál sveitarfélaganna

Gunnar Einarsson stýrði umræðum.

Þátttakendur: Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur og Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra.

Helstu puntar úr umræðum

Bjarni ræddi um fjármagnstekjuskatt og þær áhyggjur sveitarstjórnarmanna um að skattur af arði fari til ríkis og sveitarfélög sitji eftir með sárt enni. Sagði hann að þetta hefði verið skoðað og taldi að þetta væri ekki svo stórt vandamál.

Umræðipunktur frá sveitarstjórnarmönnum

Aukning ferðamanna á Íslandi.

- Sveitarfélögin hafa stutt vel við tillögur um uppbygginu ferðamannastaða en hins vegar hafa þau haft mjög litlar tekjur af öllum þessum ferðamönnum.
- Náttúruperlur kalla oft á mikið fjármagn til viðhalds og verndar.
- Rætt var um hugsanlegan aðgangseyrir að ferðamannastöðum og skiptingu tekna sem sem af því hlytist.
- Eðlileg væri að gistináttagjald færi til sveitarfélaga.

Önnur umræðuefni

1. Ljóst er að þetta samfélag er að hækka laun umfram það sem framleiðni gefur tilefni til.
2. Eitthvað er að í skráningu varðandi fjármagnstekjuskatt.
3. Ekki er eðlilegt að skattur af leigutekjum og fjármagnstekjum renni eingöngu til ríkis.
4. Spurning um hversu hátt hlutfall á að fara í almenningssamgöngur og hversu hátt hlutfall í vegamál (vegi og brýr).
5. Nauðsynlegt er að hið opinbera komi fram sem ein heild.
6. Afleiðingar hrunsins vara oft lengur hjá sveitarfélögunum en hjá ríkinu og ríkið verður að taka það með í reikninginn.
7. Oft væri talað um hve nauðsynlegt væri að greiða niður opinberar skuldir en aldrei talað um nauðsyn þess að greiða niður skuldir sveitarfélaga.

Spurningar úr sal

Bryndís Haraldsdóttir, Mosfellsbæ, fagnar því að Bjarni skuli segja að það vanti 200 millj. upp á samning um almannapjónustu.

Björn Blöndal, Reykjavík, lagði til að Bjarni beitti sér fyrir því að sveitarfélögin fái að leggja á sérstakt gistináttagjald, ca. 600 kr.

Skúli Helgason, Reykjavík, ræddi um framhaldsnám í tónlistarskólum landsins. Hann taldi það nauðsynlegt að um þetta mál væru skýrar línu og að ríkið ætti að taka við framhaldsnáminu og sveitarfélög sjái um grunnnámið.

Halldór Halldórsson, Reykjavík, ræddi um gistináttagjald og að það væri ekki gott ef það færi í stjórnstöð ferðamála.

Bjarni Benediksson, fjármálaráðherra, svarar fyrirspurnum úr sal.

1. Varðandi almennigssamgöngur þá er það ekki gott að semja við ríkið og svo er samningurinn ekki settur á fjárlög.
2. Það er augljóst að það verður að endurskoða gistináttaskattinn. Á að halda áfram með hann og ef svo er á þá ekki að hækka hann? Og ef það á að hækka hann þá er augljóst að ferðapjónustan vill að hann renni til hennar en ekki til sveitarfélaganna.
3. Varðandi tónlistarskóla þá er það ekki gott að það sé skoðanamunur á verkaskiptingu og enn og aftur ekki gott þegar ríki og sveitarfélög gera samninga sem ekki eru skýrir. Vonandi geta nýjar hugmyndir auðveldað lausn þessa máls.

Lokaorð þátttakenda.

Guðlaug ræddi kosti þess að ríkið leggði fram fjármagn í lífeyrisskuldbindingar.

Haraldur sagðist vera vonbetri um að ríki og sveitarfélög geti átt betri samskipti og það væri gott að heyra það að hlustað væri á sveitarstjórnarfólk.

Dagur þakkaði öllum fyrir komuna og sagðist greina vilja hjá ríkinu til að laga fjárhagsleg samskipti. Einnig að sveitarfélögin væru tilbúin að koma að vinnulagi um opinber fjármál.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir komuna í Kjósina og fyrir góðan fund. Einnig bauð hann fundarmönnum upp á léttar veitingar áður en þeir héldu heim á leið.

Fundi slitið.